



13. maí 2024
Tilv.: 2404190

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
umsagnir@althingi.is

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um aðgerðir gegn peningabætti o.fl. (áhættumat o.fl.), 927. mál.

Með tölvupósti, dags. 29. apríl sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd eftir umsögn Seðlabanka Íslands um 927. mál 154. löggjafarþings, frumvarp til laga um breytingar á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka o.fl. (áhættumat o.fl.). Meginatriði frumvarpsins varða breytingar á áhættumati að því er varðar fjármögnun geryðingarvopna en einnig er m.a. mælt fyrir um breytingar á umgjörð varna gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka í starfsemi tilkynningarskyldra aðila og úrræði eftirlitsaðila til beitingar sekta.

Í 23. og 24. tölul. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, er kveðið á um heimildir fyrir *eftirlitsaðila*, sem skilgreindir eru sem fjármálaeftirlitið og Ríkisskattstjóri í 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. laganna, til að leggja stjórnvaldssekt á hvern þann sem brýtur gegn annað hvort 3. mgr. 38. gr. laganna með því að veita eftirlitsaðilum rangar eða villandi upplýsingar eða 4. mgr. 38. gr. laganna með því að veita þriðja aðila upplýsingar um beiðni eftirlitsaðila. Með c- og d-lið 9. gr. umrædds frumvarps er lagt til að heimildir vegna brota nái einnig til þess þegar aðili brýtur gegn annað hvort 2. mgr. 20. gr. laganna, með því að veita skrifstofu fjármálagreininga lögreglu (SFL) rangar eða villandi upplýsingar, eða 3. mgr. 20. gr. sem leggur bann við því að veita þriðja aðila upplýsingar um beiðni SFL um gögn og upplýsingar skv. 2. mgr. 20. gr. laganna. Í athugasemdum í greinargerð með 9. gr. frumvarpsins segir að skrifstofu fjármálagreininga lögreglu sé ekki ætlað að hafa eftirlit með tilkynningarskyldum aðilum, þ.m.t. um hlítu við ákvæði laganna, og því sé lagt til að heimild eftirlitsaðila verði útvíkkuð og skýrt sé að sambærileg háttsemi gagnvart skrifstofu fjármálagreininga lögreglu varði áþekkingu viðurlögum og háttsemi gagnvart eftirlitsaðilunum sjálfum. Þá er umrædd tillaga rökstudd, í kafla 3.3. í greinargerð með frumvarpinu, með þeim hætti að þar sem eftirlitsaðilar hafi heimild til að leggja á stjórnvaldssektir við brot gegn framangreindum skyldum til að afhenda upplýsingar sé lagt til að gildissvið sektarheimilda eftirlitsaðila taki jafnframt til þess þegar aðilar skirrast við að veita skrifstofu fjármálagreininga lögreglu upplýsingar, sem þeim ber að gera í öllum tilvikum.

Að mati Seðlabankans gengur ekki framangreint fyrirkomulag, sem kveðið er á um í c- og d-liðum 9. gr. frumvarpsins, í ljósi þess að Seðlabankinn er sjálfstæð stofnun, sbr. 1. mgr. 1. gr. laga nr. 92/2019 um Seðlabanka Íslands, og verkefni hans og stjórnskipulag ákveðin í þeim lögum. Ekki er hægt að skilja tillögur c- og d-liðar 9. gr. frumvarpsins öðruvísi en

að Seðlabankinn sé settur í þá stöðu að taka við fyrirmælum frá þriðja aðila um beitingu þeirra valdheimilda sem bankanum hafa verið veittar í þeim tilgangi að sinna lögbundnum verkefnum sínum. Seðlabankinn þyrfti ennfremur að leggja sjálfstætt mat á þörf og nauðsyn annars stjórnvalds fyrir öflun upplýsinga, þar sem stjórnvaldssektarákvarðanir Seðlabankans þurfa að uppfylla kröfur stjórnvísinguráttarins, svo sem rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaganna og meðalhófsreglu 5. gr. laganna.

Þegar drög að frumvarpinu voru kynnt í samráðsgátt gerði Seðlabankinn athugasemdir við m.a. 8. gr. (sem fjallar um breytingu á 45. gr. laganna um álagningu *dagsekta*) og áður greinda 9. gr. frumvarpsins. Eins og gerð er grein fyrir í kafla 5. í greinargerð með frumvarpinu féllst dómismálaráðuneytið á athugasemdir bankans varðandi 8. gr. og voru gerðar breytingar á frumvarpinu því til samræmis. Samsvarandi breytingar á 9. gr. voru hins vegar ekki gerðar þrátt fyrir að athugasemdirnar varðandi 8. og 9. gr. byggji á sömu grunnrökum. Í greinargerð með frumvarpinu segir einungis að ekki hafi þótt ástæða til breytinga hvað varðar 9. gr. frumvarpsins um útvíkkun sektarheimilda.

Í ljósi þess að lagt er til í 8. gr. frumvarpsins að SFL fái heimild til að leggja *dagsektir* á þá aðila sem ekki veita SFL upplýsingar skv. 2. mgr. 20. gr. laganna er vart þörf á að kveða einnig á um heimildir til að stjórnvaldssekta fyrir vanhöld á skilum. Með vísan til alls framangreinds leggur Seðlabankinn ríka áherslu á að horfið verði frá framangreindum tillögum í c- og d-liðum 9. gr. frumvarpsins.

Seðlabankinn hefur ekki aðrar athugasemdir við efni frumvarpsins.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Björk Sigurgísladóttir
varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits

Rannveig Júníusdóttir
framkvæmdastjóri
skrifstofa bankastjóra

Fullgild rafræn undirskrift

Björk Sigurgísladóttir

13.05.2024 16:09

Fullgild rafræn undirskrift

Rannveig Júníusdóttir

13.05.2024 16:54